



Dagsetning: 12. desember 2023  
Málsnúmer: 2110048/7.2

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

Reglum um leikskólaþjónustu Fjarðabyggðar var breytt í samræmi við nýja gjaldskrá sem tekur gildi 1. febrúar 2024. Breytingarnar sem gerðar voru eru undir eftirfarandi liðum í reglunum:

### 3. Úthlutun leikskólarýma, dvalarsamningur og uppsögn foreldra/forráðamanna

Foreldrar þurfa að skila inn staðgreiðsluskrá með umsókn um leikskóladvöl ef þeir telja sig falla undir sett tekjuviðmið.

- Tekjuviðmiðið er 850.000kr per mánuð á heimili og fá þeir, sem falla undir sett tekjuviðmið, 30% afslátt af almennum gjöldum.
- Umsóknarform fyrir ofangreindan afslátt má finna inn á íbúagáttinni > liður 05 Fjölskyldusvið - Fræðslumál > Umsókn um afslátt af leikskólagjöldum m.v. tekjuviðmið. Með umsókninni skila foreldrar staðgreiðsluskrá.

### 5. Opnunartími – skipulagsdagar, skráningardagar og sumarleyfi leikskóla

Í nýrri gjaldskrá voru settir inn ákveðnir **skráningardagar** en á þeim dögum þurfa foreldrar sérstaklega að skrá börn sín í vistun, að öðru leiti er litið svo á að börnin séu í fríi.

### 6. Gjaldtaka

Hér þurfti að útskýra að dvalargjöld skiptast nú í tvennt, það er **almenn gjöld** (frá 08:00-16:00) og **viðbótar vistun** (tíminn fyrir kl 08:00 og eftir kl 16:00).

Anna Marín Þórarinsdóttir

Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu